

## REGLUGERÐ

### um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1966.

#### 1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1967, er miðast við legudagafjölda 1966.

#### 2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyf-læknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar lækniþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

#### 3. gr.

- Í I. flokki B eru:  
Borgarspítalinn í Reykjavík,  
Sjúkrahús Akureyrar.
- Í II. flokki A eru:  
Hvítabandið,  
Sjúkrahús Akraness,  
Sjúkrahús Ísafjarðar,  
Sjúkrahús Neskaupstaðar,  
Sjúkrahús Keflavíkur.
- Í II. flokki B eru:  
Sjúkrahús Sauðárkróks,  
Sjúkrahús Siglufjarðar,  
Sjúkrahús Vestmannaeyja,  
Sjúkrahús Árnesinga.
- Í III. flokki A eru:  
Farsóttarhúsið í Reykjavík,  
Sjúkrahús Patreksfjarðar,  
Sjúkrahús Hvammstanga,  
Sjúkrahús Blönduóss,  
Sjúkrahús Húsavíkur,  
Sjúkrahús Seyðisfjarðar,  
Sólvangur í Hafnarfirði.
- Í III. flokki B eru:  
Sjúkrahús Þingeyrar,  
Sjúkrahús Flateyrar,  
Sjúkrahús Bolungarvíkur,  
Sjúkrahús Hólmavíkur,  
Sjúkrahús Vopnafjarðar,  
Sjúkrahús Egilsstaða,  
Sjúkrahús Þórshafnar.

## 4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A .....	100%
Í I. flokki B .....	90%
Í II. flokki A .....	70%
Í II. flokki B .....	60%
Í III. flokki A .....	50%
Í III. flokki B .....	40%

## 5. gr.

Samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1967, sbr. 12. gr. VI, er styrkupp hæðin kr. 11 500 000.00 og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

I. flokkur B .....	kr. 55.50
II. flokkur A .....	— 43.00
II. flokkur B .....	— 37.00
III. flokkur A .....	— 31.00
III. flokkur B .....	— 25.00

## 6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1966 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 50 10. júlí 1964, öðlast þegar gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. júní 1967.*

**Jóhann Hafstein.**

Jón Thors.

**AUGLÝSING**

um stöðumæla í Reykjavík.

Settir hafa verið upp stöðumælar á bifreiðastæði á lóðinni nr. 120 við Lauga-veg. Stöðugjald er 1 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur, en hámarksstöðutími er 60 mínútur í senn. Gjaldskylda er á sama tíma og verzlunum er almennt leyft að hafa opið.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. maí 1967.*

**Sigurjón Sigurðsson.**